




UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTURLANDS

ÚTHLUTUN 2026





PÁLL SNÆVAR BRYNJARSSON **FRAMKVÆMDASTJÓRI SSV**

Í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands árið 2026 voru verkefnir sem fengu stuðning fjölbreytt að vanda. Líkt og undanfarin ár þá endurspeglar þau glögg þá miklu grósku sem er innan atvinnulífs, nýsköpunar og menningar í landshlutanum. Sjóðurinn er því mikilvægur þáttur í eflingu atvinnulífs, nýsköpunar og menningar á Vesturlandi.

Alls bárust 94 umsóknir og var sótt um tæpar 196 milljónir króna. Styrkir voru veittir til 63 verkefna í þremur flokkum. Heildarupphæð úthlutunar að þessu sinni nemur 54.340.000 krónum.

Í flokki atvinnu- og nýsköpunarstyrkja var veittur stuðningur til verkefna sem efla markaðssetningu, vörubróun og nýjar lausnir á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Þau leggja grunn að aukinni verðmætasköpun og nýjum atvinnutækifærum á Vesturlandi.

Í flokki menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja til menningarverkefna var veittur stuðningur til verkefna sem efla menningarlíf, listsköpun og varðveislu menningararfs. Verkefnin auka aðgengi íbúa og gesta að fjölbreyttri menningu og efla samfélögin.

Saman sýna verkefnir kraft, frumkvæði og metnað íbúa og fyrirtækja á Vesturlandi. Við óskum styrkþegum innilega til hamingju með glæsileg verkefni og hlökkum til að fylgjast með þeim verða að veruleika.



JÓNÍNA ERNA ARNARDÓTTIR FORMAÐUR ÚTHLUTUNARNEFNAR

Mörgum finnst leiðinlegt að tala um peninga, en staðreyndin er sú að peningar eru hreyfiafl. Góð hugmynd er oft einmitt bara það – góð hugmynd – sem situr uppi í skúffu eða á blaði einhvers staðar, nema til komi fjármagn til að koma henni í framkvæmd.

Þegar litið er yfir úthlutanir þessa árs og fyrri ára er ljóst að framlag frá Uppbyggingasjóði Vesturlands skiptir sköpum fyrir þróun og framgang góðra hugmynda, bæði í menningarlífi landshlutans og í grasrót atvinnulífsins.

Það má heldur ekki gleyma að styrkir sjóðsins virka oft sem hvati að frekari fjárfestingu. Menningarverkefni sem hlýtur til dæmis hálfa milljón í styrk skuldbindur sig til að leggja að minnsta kosti annað eins á móti, þannig að verkefnið mun að lágmarki velta einni milljón króna.

Gott dæmi um hvernig verkefni geta vaxið langt út fyrir þann ramma sem upphaflega var hugsaður er Frystiklefinn á Hellissandi undir stjórn Kára Viðarssonar, og leiksýningin Dietrich sem hófst sem lítil bar-sýning í Borgarnesi en var síðar sýnd við góðar undirtektir í Sjálfstæðissalnum í Reykjavík.

Ég vil hrósa þeim sem koma með umsóknir og hugmyndir – margar þeirra bæði vandaðar og nýstárlegar – og hvetja þau sem enn eru að spá og spegúlera til að taka skrefið og koma hugmyndum sínum í verk.



ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKIR


FJÖLDI UMSÓKNA: 27

SÓTT UM SAMTALS: 59.851.655

STYRKT VERKEFNI: 14

HEILDARUPPHÆÐ ÚTHLUTAÐ: 19.565.000

ÁRANGURSHLUTFALL: 54%





BIBBÍS 500.000

RAKEL ÝR WAAGE

AKRANES

Bibbís er hönnunarverkefni sem felst í þróun margnota heilgalla eða barnasmekks sem styður við þroska, sjálfstæði og frelsi barna í daglegu lífi. Varan verfatnað, dregur úr þvotta- og vatnsnotkun og minnkar umhverfisáhrif. Verkefnið sameinar íslenska hönnun, sjálfbærni og notendamiðaða nálgun í vöruþróun.



GAMLA LÆKNASHÚSIÐ 500.000

BENEDIKT JÓHANNESSON

BÚÐARDALUR

Verkefnið miðar að því að styrkja stöðu Gamla Læknahússins sem faglegs og trausts fyrirtækis með auknum sýnileika og markvissri markaðssetningu. Með styrknum verður fjárfest í búnaði og markaðsstarfi sem styður við langtímaþróun. Verkefnið skapar svigrúm til vöruþróunar á náttúrulegum líkams- og ilmvörum sem byggja á gildum um gæði, umhverfisábyrgð og menningarlega arfleifð.



SKARTVIÐUR II: HUGVIT ÚR HEFÐ **540.000**

HAFLIÐI ÁSGEIRSSON
LEIRÁRSVEIT

Verkefnið felur í sér stafræna varðveislu og endursköpun íslensks útskurðar í samstarfi Skartviðar og Þjóðminjasafns Íslands. Valin verk verða 3D skönnuð og nýtt sem grunnur að hönnun nýrrar vörulínu úr íslenskum við. Verkefnið sameinar hefð og tækni, styrkir menningararf og leiðir til sjálfbærrar vöruþróunar innan skapandi atvinnugreina.



BÓKUM HEIMA 540.000

EIMREIÐARFÉLAG GRUNDARFJARÐAR ehf
GRUNDARFJÖRÐUR

Verkefnið felur í sér þróun bókunarsíðu og markaðssetningar fyrir ferðir Kirkjufell Express í Grundarfirði. Með auknum stafrænum sýnileika verður hægt að ná betur til gesta skemmtiferðaskipa áður en þeir koma til hafnar. Verkefnið bætir þjónustu við ferðamenn, styrkir rekstur ferðaþjónustu og stuðlar að aukinni verðmætasköpun á svæðinu.



RIFSVÖLLUR

650.000

GOLFKLÚBBURINN JÖKULL

RIF

Verkefnið miðar að því að efla ferðaþjónustu og kynna golf sem aðgengilega útivistar- og heilsuþrótt fyrir breiðan hóp. Með opnunarmóti, viðburðum og markvissri kynningu verður Rifsvöllur kynntur fyrir kylfingum víðsvegar að. Verkefnið styrkir ímynd Snæfellsness sem fjölbreytts áfangastaðar og stuðlar að auknum heimsóknnum og atvinnuuppbyggingu.



VINNSLA AFURÐA ÚR HREINU, ÍSLENSKU BÝVAXI

720.000

THEDDÝ OG BÝ ehf

BORGARNES

Verkefnið miðar að því að auka verðmæti íslensks bývax sem fellur til við hunangsframleiðslu. Með vöruþróun og aukinni nýtingu bývaxs verður fjölbreytni afurða aukin og sjálfbær nýting náttúruauðlinda styrkt. Verkefnið styður við innlenda framleiðslu, nýsköpun og hringrásarhugsun í íslenskum landbúnaði.



TÚNGARÐUR: RÆKTUN OG FRAMLEIÐSLA TÁGA ÚR VÍÐI

900.000

KATRÍN DRÖFN GUÐMUNDSDÓTTIR
FELLSSTRÖND

Í Túngarði á Fellsströnd er unnið að þróun vistvænnar ræktunar víðitegunda með það markmið að framleiða tágar til handverks, hönnunar og listsköpunar. Verkefnið felur í sér nýsköpun þar sem engin fordæmi eru fyrir markvissri framleiðslu víðitága á Íslandi. Með því skapast grundvöllur að nýrri grein innan skapandi atvinnugreina á Vesturlandi.



KAYAK Á SNÆFELLSNESI

1.000.000

HALLDÓRA KRISTÍN UNNARSDÓTTIR
ÓLAFSVÍK

Snæfells Kayak Adventures hyggur á uppbyggingu sjálfbærrar kayakleiðsagnar í Snæfellsbæ þar sem náttúra, ævintýri og fagmennska mætast. Verkefnið skapar nýtt ferðapjónustuframboð sem tengir gesti og íbúa við stórbrotna náttúru svæðisins. Með áherslu á öryggi og umhverfisvitund eflir verkefnið atvinnulíf og styrkir ímynd Snæfellsbæjar sem vistvæns áfangastaðar.



SIMPLY ICELAND

1.000.000

SIMPLY ICELAND ehf
HÚSAFELL

Snow Safari by Simply Iceland byggir upp sjálfbæra afþreyingu í Húsafelli með snjósleða-, fjórhjóla- og rafhjólaleiðum, fræðslu og náttúruupplifun. Verkefnið styrkir ferðaþjónustu svæðisins, skapar störf og lengir ferðatímabil. Með áherslu á ábyrga nýtingu náttúrunnar eflir verkefnið Húsafell sem heilsárs og aðlaðandi áfangastað.



EYRBYGGJUSAGA - VÖRUPRÓUN

1.500.000

ANOK MARGMIÐLUN ehf

STYKKISHÓLMUR

Verkefnið snýr að vörupróun byggðri á Eyrbyggjusögureflinum og ríkulegu myndefni hans. Próaðar verða fjölbreyttar vörur á borð við spil, útsaumspakka, bækur og textílvörur. Markmiðið er að styrkja miðlun sögunnar, auka verðmætasköpun og mæta eftirspurn eftir menningartengdum minjagripum sem tengjast söguslóðum Snæfellsness.



ULVTRAN - SUSTAINABLE ULVAN FOR INDUSTRY

2.000.000

KRISTÓFER SVEINN ARNAR

PALMER JÚLÍUSSON

AKRANES

Verkefnið miðar að þróun sjálfbærrar og hagkvæmrar aðferðar til útdráttar ulvans úr þörungnum *Ulva* með örbylgjutækni. Aðferðin eykur nýtni og dregur úr orku- og efnisnotkun miðað við hefðbundnar lausnir. Ulvan er verðmæt fjölsykra með möguleikum á fjölbreyttri notkun í matvæla-, lyfja- og líftækniiðnaði. Þörungum er safnað í fjörum á Vesturlandi sem stuðlar að hreinni og heilbrigðari strandvistkerfum.



ÍSROT

2.215.000

SÆRÚN STEFÁNSDÓTTIR

AKRANES

Ísrót miðar að uppbyggingu sjálfbærrar og lífrænt vottaðrar ræktunar íslenskra lækningajurta á Vesturlandi. Ræktunin nær meðal annars yfir Burnirót, Garðabrúðu og Jóhannesarjurt sem nýttar verða í hágæða hráefni fyrir fæðubóta- og snyrtivöruíðnað. Verkefnið tengir saman ræktun, rannsóknir og vinnslu og skapar ný atvinnutækifæri og aukna verðmætasköpun í landbúnaði.



AFSKURÐUR TIL AUÐS **3.000.000**

MUNDIALIS ehf

MÝRAR

Verkefnið byggir á áframhaldandi þróun frostþurrkaðs íslensks grænmetis sem ræktað er á Mýrunum. Unnið verður að vöruþróun með tilraunum á áferð, bragði og notkun, ásamt markaðsprófunum og hönnun umbúða. Markmiðið er að koma sjálfbærri og verðmætri vöru á markað, auka nýtingu innlendrar ræktunar og draga úr matarsóun með skapandi lausnum.



HARMÓNÍA - SAMHLJÓMUR Í TÓNLISTARKENNSLU

4.500.000

NASHVILLE ehf

AKRANES

Harmonía er hugbúnaðarlausn sem sameinar kosti staðkennslu og fjarkennslu í tónlist á einfaldan og aðgengilegan hátt. Kerfið heldur utan um skipulag kennslu fyrir bæði stóra tónlistarskóla og sjálfstæða kennara. Með myndrænu og notendavænu viðmóti styður Harmonía við skilvirkni, yfirsýn og gæði í tónlistarkennslu og eflir stafræna þróun í skapandi greinum.



STOFN- OG REKSTARSTYRKIR TIL MENNINGARVERKENFA

FJÖLDI UMSÓKNA: 3


SÓTT UM SAMTALS: 10.860.000

STYRKT VERKEFNI: 3

HEILDARUPPHÆÐ ÚTHLUTAÐ: 3.100.000

ÁRANGURSHLUTFALL: 100%

STO





SJÓMINJASAFNIÐ Á HELLISSANDI **700.000**

SJÓMINJASAFNIÐ Í SJÓMINJAGARÐINUM
HELLISSANDUR- SNÆFELLSBÆ

Sjóminjasafnið á Hellissandi rekur fjórar sýningar sem fjalla um sjósókn, náttúru, búsetu og landnám á Snæfellsnesi. Safnið miðlar fræðslu um líf við hafið, þróun sjávarútvegs og náttúru Íslands á landi og sjó. Verkefnið styður við áframhaldandi sýningarhald og eykur aðgengi almennings að sögu, menningu og náttúru svæðisins.



REKSTUR EIRÍKSSTAÐA **1.200.000**

HISTORY UP CLOSE ehf
EIRÍKSSTAÐIR - DALABYGGÐ

Verkefnið felur í sér rekstur Eiríksstaða á meðan unnið er að frekari þróun starfseminnar. Lögð er áhersla á að halda svæðinu opnu yfir mesta annatímann með tilraunaverkefni í mönnun, auk þess að efla umsjón, viðhald og handverk tengt staðnum. Markmiðið er að tryggja stöðugan rekstur, bætta aðstöðu og áframhaldandi miðlun menningararfs Eiríksstaða.



VETRAROPNUN SÝNINGA

1.200.000

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

BORGARNES - BORGARBYGGÐ

Landnámssetrið heldur úti tveimur grunnsýningum um þjóðararfinn – Landnámssýningu og Egilssýningu – ásamt fjölbreyttum menningarviðburðum allt árið. Verkefnið tryggir vetraropnun sýninganna, áframhaldandi samstarf við Listaskóla Borgarfjarðar og frítt aðgengi nemenda að sýningunum. Með þessu er aðgengi barna og ungmenna að menningararfi og lifandi menningarstarfi eft.



MENNINGARSTYRKIR

FJÖLDI UMSÓKNA: 64


SÓTT UM SAMTALS: 125.497.000

STYRKT VERKEFNI: 44

HEILDARUPPHÆÐ ÚTHLUTAÐ: 31.675.000

ÁRANGURSHLUTFALL: 68%

MEN





TAL & TÓNAR

200.000

HULDAR ehf

HVANNEYRI - BORGARBYGGÐ

Verkefnið gengur út á reglulega menningarviðburði þar sem höfundar af Vesturlandi lesa sögur eða brot úr verkum sínum, samhliða notalegum tónlistarflutningi ungra tónlistarmanna af svæðinu. Viðburðirnir fara fram í Skemmunni á Hvanneyri fyrsta föstudag í mánuði, nema í desember. Lögð er áhersla á nánd, hlýja stemningu og lifandi samspil bókmennta og tónlistar í litlu, aðgengilegu rými.



JAZZHREKKUR Á HRÆÐILEGRI HELGI Í STYKKISHÓLMÍ

200.000

INGIBJÖRG FRÍÐA HELGADÓTTIR

STYKKISHÓLMUR - SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

Jazzhrekkur eru ókeypis fjölskyldutónleikar á Hræðilegri helgi í Stykkishólmi. Tríó skipað Ingibjörgu Fríðu Helgadóttur, Leifi Gunnarssyni og Sunnu Gunnlaugsdóttur flytur frumsamin jazzlög um drauga, nornir og aðrar dularfullar verur. Tónleikarnir eru bæði skemmtilegir og örlítið hræðilegir, með virkri þátttöku barna í söng, klappi og dansi.



KLAPPLEIKIR MEÐ SIGGA OG INGIBJÖRGU

200.000

SIGURÐUR INGI EINARSSON

STYKKISHÓLMUR - SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

Klappleikir með Sigga og Ingibjörgu er tónlistarsmiðja fyrir börn og fjölskyldur sem byggir á íslenskum klappleikjum. Verkefnið skoðar hvernig klappleikir lifa og breytast milli staða og kynslóða, og býður börnum úr ólíkum bakgrunni að taka þátt. Smiðjan styrkir tengsl, samhæfingu, tungumálavitund og tónskyn á skemmtilegan og aðgengilegan hátt.



KÖTTUR ÚT Í MÝRI: BARNABÓKAHÁTÍÐ 200.000

GUÐRÚN LILJA MAGNÚSDÓTTIR
GRUNDARFJÖRÐUR

Köttur úti í mýri er barnabókahátíð sem leggur áherslu á virka þátttöku barna, heimamanna og þekktra barnabókahöfunda. Hátíðin skapar vettvang þar sem börn kynnast bókmenntum í gegnum upplestur, samtal og skapandi verkefni. Verkefnið styrkir læsi, ímynd-unarafl og tengsl barna við bókmenntir á lifandi og aðgengilegan hátt.



KELTNESK HLJÓÐ

200.000

FÉLAG NÝRRA ÍSLENDINGA

AKRANES

Keltnesk hljóð er tónlistarverkefni sem sameinar lifandi flutning á hefðbundinni keltneskri tónlist og frásagnir tengdar sögum og arfi Kelta. Með tónleikum er skapað rými fyrir hlustendur til að upplifa samspil tónlistar og sagna í hlýlegu og listrænu samhengi. Verkefnið eykur fjölbreytni í menningarflóru svæðisins og tengir saman tónlistarhefðir, frásagnarlist og lifandi sviðsframkomu.



SÖGUR AF BREIÐINNI OG PÖRTUNUM

250.000

KELLINGARNAR

AKRANES

Verkefnið fjallar um Breiðina og Partana á Akranesi, svæði sem tengjast upphafi byggðar, útgerðar og hafnargerðar á Skaganum. Með frásögnum og göngu um svæðið eru sögulegir atburðir, mannlíf og þróun staðarins gerð lifandi fyrir gesti. Verkefnið eykur skilning á sögu Akraness og styrkir tengsl fólks við menningararf og landslag svæðisins.



RÆTUR FRAMTÍÐAR/PATHWAYS TO TRANSFORMATION

250.000

SVEPPASMIÐJAN ehf

HVANNEYRI

Rætur Framtíðar 2026 er vettvangur fyrir samtal um sjálfbæra þróun í heimabyggð. Verkefnið fjallar meðal annars um mikilvægi staðbundinna matvællakerfa, vistvæna ræktun og nýtingu sveppa í landbúnaði, úrgangsmálum og byggingarefnum. Með fyrirlestrum og umræðum er hvatt til gagnrýnnar hugsunar, nýsköpunar og lausna sem styrkja samfélög til framtíðar.



HEIMA Í HÓLMÍ 2026

300.000

HJÖRDÍS PÁLSDÓTTIR

STYKKISHÓLMUR

Tónlistarhátíð sem fer fram dagana 10.–11. júlí 2026 í Stykkishólmi. Tónleikarnir eru haldnir í heimahúsum, heimagörðum og á óvenjulegum stöðum, sem skapar nánd og einstaka upplifun fyrir gesti. Verkefnið leggur áherslu á mannlíf, aðgengi og óformlegt andrúmsloft þar sem tónlist, staður og samfélag fléttast saman.



ER LÍÐA FER AÐ JÓLUM 400.000

JÓN EGILL JÓHANSSON
BÚÐARDALUR

Er líða fer að jólum er tónlistarverkefni sem felst í skipulagningu og flutningi jólatónleika í Dalabúð í Búðardal seint haustið 2026. Verkefnið byggir á þátttöku áhugafólks um söng og tónlist og leggur áherslu á hlýja stemningu, samveru og aðgengilega menningarupplifun. Markmiðið er að efla tónlistarlíf í Dalabyggð og bjóða upp á vandaða jóladagskrá fyrir heimamenn og gesti.



SÝNING UM VERSLUNARSÖGU ÓLAFSVÍKUR 500.000

HOLLVINAFÉLAG PAKKHÚSSINS ÓLAFSVÍK
ÓLAFSVÍK

Verkefnið felur í sér hönnun og uppsetningu sýningar um verslunarsögu Ólafsvíkur í Byggðasafninu í Pakkhúsinu. Með veggspjöldum og sýningarmunum er sagt frá verslunarstarfsemi, kaupmönnum og samfélagsbröun bæjarins. Sýningin verður aðgengileg heimamönnum, skólum og ferðamönnum og eykur þekkingu á mikilvægu hlutverki verslunar í sögu og mótun staðarins.



SLITNIR STRENGIR - ENDURKOMAN 500.000

ÞJÓÐLAGASVEIT TOSKA

AKRANES

Slitnir strengir snúa aftur eftir nokkurra ára hlé með lifandi flutningi á skoskri og írskri þjóðlagatónlist. Verkefnið byggir á fiðluleik, söng og talkór og verður flutt á Írskum dögum sem og á sjálfstæðum tónleikum á Akranesi og víðar. Endurvakningin mætir eftirspurn almennings eftir hlýlegri, kraftmikilli tónlistarupplifun og styrkir fjölbreytni í tónlistarlífi Vesturlands.



ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR ERU ÚR DÖLUNUM

500.000

KRUSS MENNINGARSMÍÐJA ehf
DALABYGGÐ

Verkefnið felur í sér gerð gagnvirkar heimasíðu sem kynnir íslensku jólasveinana með sérstakri áherslu á tengsl þeirra við Dali. Síðan er ætluð bæði gestum á staðnum og netnotendum og býður upp á fróðleik, leiki og þrautir fyrir alla aldurshópa. Með verkefninu er jólasagnahefð miðlað á lifandi og aðgengilegan hátt og tengsl fólks við menningararf svæðisins styrkt.



ÁLFALEIÐI

500.000

HEIÐUR HÖRN HJARTARDÓTTIR
BORGARNES

Álfaleiði felst í gerð myndskreytts korts af álfum og hulduverum í og við Bjargsskóg, ásamt fræðslu um náttúru og umhverfisvernd fyrir alla aldurshópa. Kortið er ætlað bæði heimamönnum og gestum Borgarbyggðar og býður upp á nýja leið til að upplifa svæðið. Verkefnið eykur tengingu fólks við náttúruna, styrkir staðarímynd og býður upp á möguleika á áframhaldandi þróun.



VIÐBURÐARÖÐ SUNDLAUGAR-INNAR AÐ HLÖÐUM Í HVALFIRÐI

500.000

1214 sf

HVALFJÖRÐUR

Viðburðarröð sundlaugarinnar að Hlöðum miðar að því að efla samveru og samfélag í Hvalfirði. Boðið verður upp á fjölbreytta viðburði sem höfða til barna, fjölskyldna, fullorðinna og vana. Verkefnið styrkir hlutverk sundlaugarinnar sem félagslegs samkomustaðar og stuðlar að aukinni þátttöku í menningar- og frístundalífi svæðisins.



KRÓNÍSKUR UPPISTANDSSÝNING

500.000

GÍSLI EINARSSON

BORGARNES

Krónískur er uppistandssýning sem blandar saman aulabröndurum og persónulegum reynslusögum. Verkið er á léttum nótum þrátt fyrir einlægan undirtón og byggir á langri reynslu flytjanda af sviði og opinberri framkomu. Markmiðið er að skapa hlátur, tengingu og sameiginlega upplifun þar sem hversdagsleikinn og mannlegur breyskleiki fá að njóta sín í skemmtilegu samhengi.



LEIR EÐA LEÐJA: TILRAUNAGLEÐI AÐ EIRÍKSSTÖÐUM 500.000

HISTORY UP CLOSE ehf
EIRÍKSSTAÐIR

Verkefnið sameinar rannsóknarvinnu og menningarviðburði með áherslu á íslenskan leir. Yfir veturinn fer fram tilrauna- og rannsóknarferli þar sem leir er prófaður og greindur, en um sumarið verður haldin hátíð með sýnikennslu, málpingi og samtali fræði- og listamanna. Verkefnið varpar ljósi á mögulega notkun leirs á landnámsöld og tengir saman fornleifafræði, list og efnismenningu.



FRAMTÍÐIN Í BLÆSTRI 500.000

LÚÐRASVEIT STYKKISHÓLMS
STYKKISHÓLMUR

Verkefnið miðar að því að efla áhuga barna og unglinga á lúðrasveitastarfi á Snæfellsnesi. Lúðrasveit Stykkishólms stendur fyrir stórum tónleikum, skólatónleikum og gerð tónlistarmyndbands sem kynnir starf sveitarinnar. Með verkefninu er stuðlað að aukinni þátttöku, gleði og sterkari samfélagstengslum í gegnum tónlist.



FÓLKID Í NORSKA HÚSINU ÁRNI THORLACIUS OG FJÖLSKYLDA

1.000.000

ANNA SIGRÍÐUR MELSTED
STYKKISHÓLMUR

Verkefnið fjallar um Árna Thorlacius og fjölskyldu hans sem bjuggu í Norska húsinu í Stykkishólmi á 19. öld. Með sagnaritun er varpað ljósi á mannlíf, samfélagsstöðu og áhrif Árna á þjóðmál og vísindi síns tíma. Lítt þekkt saga fjölskyldunnar er dregin fram og gerð aðgengileg almenningi sem hluti af menningararfi staðarins.



HÖNNUN SÝNIGARÐS HJÁ LANDBÚNAÐARSAFNI ÍSLANDS

500.000

LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS ses
HVANNEYRI

Verkefnið felur í sér hugmyndavinnu og hönnun sýni-
garðs við Landbúnaðarsafnið í samstarfi við Erfðanefnd
landbúnaðarins og námsbraut í landslagsarkitektúr
við Landbúnaðarháskóla Íslands. Með þátttöku íbúa,
nemenda og fagfólks er þróaður garður sem miðlar
íslenskum nytjaplöntum og efnismenningu eldri
bæjarhlaða á fræðandi og aðgengilegan hátt.



MENNINGARARFUR Í NÚTÍMANUM OG SKOTTHÚFAN

500.000

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR
STYKKISHÓLMUR

Verkefnið sameinar þjóðbúningahátíðina Skotthúfuna og þróunarverkefnið Menningararfur í nútímanum. Annars vegar verður haldin hátíð í júní 2026 og hins vegar unnið að vörubróun minjagripa og gerð safnfræðsluefnis tengdu Norska húsinu. Verkefnið tengir hefðir og samtíma, eflir miðlun menningararfs og styður fræðslu í skólum á starfssvæðinu.



SUMARTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU SAURBÆ

500.000

SUMARTÓNLEIKAR HALLGRÍMSKIRKJU
SAURBÆ
HVALFJÖRÐUR

Sumartónleikar Hallgrímskirkju í Saurbæ verða haldnir á sunnudögum sumarið 2026, alls átta tónleikar. Tónleikaröðin er hluti af uppbyggingu menningarseturs á Hvalfjarðarströnd og tengir saman tónlist, sögu og kirkjumenningu. Efni tengt Hallgrími Péturssyni er órjúfanlegur hluti dagskrárinnar og styrkir menningarlegt samhengi staðarins.



JESUS CHRIST SUPERSTAR TÓNLEIKAR

500.000

KÓR AKRANESKIRKJU
AKRANES

Flutningur á tón- og söngleiknum Jesus Christ Superstar eftir Andrew Lloyd Webber er fyrirhugaður á Akranesi í Dymbilvíku. Sameinaður kór frá Akranesi og Keflavík, landsþekktir einsöngvarar og hljómsveit skipuð heimafólki standa að flutningnum. Verkefnið eykur fjölbreytni í tónlistarlífi svæðisins og býður upp á kraftmikla og metnaðarfulla tónlistarupplifun.




LILLÓ HARDCOREFEST 2026

500.000

BERGUR LÍNDAL GUÐNASON
AKRANES

Lillo Hardcorefest er harðkjarnapönkhátíð á Akranesi sem veitir jaðartónlistarsenunni vettvang. Hátíðin leggur áherslu á aðgengi, öryggi og edrú umhverfi þar sem allur aldur er velkominn og aðgangur ókeypis. Verkefnið styður við útgáfu- og kynningarstarf Ægisbraut Records og eflir sýnileika fjölbreyttrar jaðartónlistar á Íslandi.




FJÁRSJÓÐIR FELLSSTRANDAR 500.000

LA DOLCE VITA ehf

FELLSSTRÖND

Fjársjóðir Fellsstrandar er viðburðarröð sem samanstendur af átta fjölmennningarlegum viðburðum sem varpa ljósi á sérstöðu Fellsstrandar. Verkefnið byggir á sögu, náttúru og dýralífi svæðisins og leggur áherslu á þátttöku nærsamfélagsins. Staðbundið menningarlíf og sjálfbær samfélagsþróun í Dalabyggð styrkt Með mat, sköpunarvörum og þjónustu úr heimabyggð.



MÁLSHÁTTASPIL 525.000

HULDAR ehf

HVANNEYRI

Málsháttaspil er fræðandi og skemmtilegur spilastokkur sem byggir á íslenskum málsháttum. Í hverjum stokki eru 13 málshættir, þar sem hverjum þeirra er skipt í fjóra hluta sem spilarar safna saman. Spilið sameinar leikgleði og fróðleik með því að útskýra merkingu málsháttanna jafnóðum. Verkefnið hentar öllum aldri og stuðlar að auknum skilningi á íslenskri tungu og menningararfi.



JÓLAHÁTÍÐ HLJÓMLISTARFÉLAGS BORGARFJARÐAR Í 10 ÁR

600.000

HLJÓMLISTARFÉLAG BORGARFJARÐAR
BORGARNES

Árleg jólahátíð Hljómlistarfélags Borgarfjarðar verður haldin í tíunda sinn árið 2026. Verkefnið felur í sér umfangsmikinn undirbúning, æfingar og framkvæmd tónleika með þátttöku tónlistarfólks af svæðinu. Lögð er áhersla á að efla tónlistarlíf í Borgarfirði, skapa störf fyrir listafólk og halda miðaverði í lágmarki þannig að hátíðin sé aðgengileg öllum.



TÓNLISTARDAGSKRÁ BOHÉME 2026

750.000

MENNINGARFÉLAGIÐ BOHÉME
AKRANES

Tónlistardagskrá Bohéme 2026 samanstendur af þremur verkefnum sem miða að því að skapa hlýlega stemningu og efla tengsl tónlistarfólks og bæjarbúa. Verkefnið veitir tónlistarfólki vettvang til að koma list sinni á framfæri, styður við nýja flytjendur og býður upp á fjölbreyttan tónlistarflutning. Áhersla er lögð á menningarlega upplifun, samfélagslega þátttöku og aðgengilega afþreyingu fyrir breiðan hóp.




PÁLL: FESTIVAL AND MARKETING STRATEGY

750.000

PAULA ZIMA

HÚSAFELL

Verkefnið byggir á heimildarmynd um listamanninn Pál Guðmundsson í Húsafelli, þar sem sköpun hans og daglegt líf eru órjúfanlega tengd íslenskri náttúru og þjóðsögum. Myndin er ljóðræn nálgun á skapandi ferli einstaklings sem helgar líf sitt listinni. Verkið varpar ljósi á samband manns og landslags og styrkir sýnileika íslenskrar samtímalistar á alþjóðavettvangi.



UMHERFISLIST Í BREKKUSKÓGI 750.000

BREIÐFIRÐINGAFÉLAGIÐ
BÚÐARDALUR

Í Brekkuskógi verður reistur hringlaga útskurðarskáli samkvæmt hönnun Björns Steinars og Iwo Borkowicz, þar sem súluskúlptúrar bera uppi þakið. Skálinn verður vettvangur sköpunar þar sem gestir tálga smáskúlptúra úr tré og skilja eftir. Árlega verður einn skúlptúr valinn til stækkunar og settur upp í skóginum. Verkefnið sameinar umhverfislist, þátttöku gesta og náttúruupplifun.



JÚLÍANA - HÁTÍÐ SÖGU OG BÓKA

750.000

JÚLÍANA, FÉLAGASAMTÖK
STYKKISHÓLMUR

Júlíana er árleg menningarhátíð sem sameinar bókmenntir, fræðslu og skapandi starf í Stykkishólmi. Hátíðin felur meðal annars í sér heimsóknir rithöfunda í skóla, skapandi verkefni með tónlistarskóla, upplestur fyrir börn og keppnir í ljóðum og smásögum. Með fjölbreyttri dagskrá styrkir hátíðin læsi, sköpun og tengsl listafólks, barna og samfélags.



SENDIHERRAR SNÆFELLSNESS - UNESCO VISTVANGS

750.000

SVÆÐISGARÐUR SNÆFELLSNESS ses
SNÆFELLSNES

Verkefnið miðar að því að kynna nýjan UNESCO-vistvang á Snæfellsnesi og virkja íbúa, fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í sjálfbærri þróun. Með fræðslu, samstarfi og samfélagsverkefnum er byggt upp net sendiherra sem efla vitund, stolt og samstöðu um gildi vistvangsins. Verkefnið styrkir innri mátt samfélagsins og nýtir alþjóðlega viðurkenningu til staðbundinnar eflingar.



ÉG ER OK 1.000.000

AÐALGEIR GESTUR VIGNISSON
GRUNDARFJÖRÐUR

Ég er ok er kvikmyndaverkefni sem segir frá tveimur einstaklingum sem takast á við alvarleg veikindi og finna styrk í samveru og ferðalagi um náttúru Íslands. Myndin fjallar af næmni um tilgang, von og mannleg tengsl og nýtir náttúruna sem virkan þátt í frásögninni. Verkefnið sameinar persónulega sögu og víðara samhengi um lífsgildi og seiglu.



115 ÁR
1.000.000

LIONSKLÚBBUR ÓLAFSVÍKUR
ÓLAFSVÍK

115 ár er ljóslistaverk sem vekur athygli á sögu skipsins Svansins, sem sigldi milli Íslands og Danmerkur í 115 ár, lengur en nokkurt annað íslenskt skip. Hvert ár er táknað með ljósi og saman mynda þau heildstæða ljósþyrpingu í formi „Jökulsins“, einkennistákns Snæfellsness. Verkið tengir saman sögu, minningar og landslag og skapar áhrifaríka sjónræna upplifun á almannafæri.



KALMAN TÓNLISTARFÉLAG
AKRANSS
1.000.000

KALMAN LISTFÉLAG
AKRANES

Kalman – tónlistarfélag Akraness stendur fyrir átta tónlistarviðburðum yfir vetrarmánuðina, þar á meðal samstarfsverkefnum við Vökudaga og árlegum nýárstónleikum í Bíóhöllinni. Félagið vinnur markvisst að því að efla tónlistarlíf á Akranesi, skapa vettvang fyrir fjölbreyttan tónlistarflutning og tengja saman flytjendur og áheyrendur í lifandi menningarsamfélagi.



WIFT ÍSLAND RÁÐSTEFNA 1.000.000

WIFT Á ÍSLANDI, FÉLAG KVENNA Í
KVIKMYNDUM OG SJÓNVARPI
BORGARNES

Ráðstefna WIFT Ísland er faglegur vettvangur fyrir konur og kvára í sjónvarps- og kvikmyndagerð. Þar verður fjallað um jafnréttismál, faglega þróun og umhverfismál í skapandi greinum. Markmiðið er að efla tengslamyndun, þekkingu og sýnileika, auk þess að skapa öruggt og hvetjandi rými til samtals um framtíð greinarinnar á Íslandi og alþjóðavettvangi.



SÝNINGAHALD Á BYGGÐASAFNINU Í GÖRÐUM 1.000.000

BYGGÐASAFNIÐ Í GÖRÐUM
AKRANES

Byggðasafnið í Görðum hyggst efla sérsýningarstarf sitt með því að endurbæta og virkja sex fjölbreytt sýningarrými. Verkefnið bætir aðstöðu til listsköpunar og miðlunar, eykur samstarf við listafólk og þátttöku gesta. Með þessu er stuðlað að fjölbreyttara menningarstarfi, sterkari samfélagstengslum og aukinni aðsókn að safninu.



MENNINGARDAGSKRÁ AÐ NÝP: SÝNING, MÁLÞING, SMÍÐJUR

1.200.000

PENNA sf
SKARÐSSTRÖND

Menningardagskrá að Nýp samþættir listir, fræði, miðlun og skapandi starf. Með sýningum, málþingum og smiðjum er byggð upp heildstæð menningarupplifun sem styrkir ímynd Dala sem eftirsóknarverðs svæðis. Verkefnið hvetur til hæglátrar ferðamennsku, stuðlar að jákvæðri umfjöllun og skapar vettvang fyrir samtal, sköpun og samstarf heimamanna og gesta.




SIRKUSLESTIN: SIRKUSSÝNINGIN SHJÓWMENN OG SMÍÐJUR

1.200.000

HRINGLEIKUR - SIRKUSLISTAFÉLAG
VESTURLAND

Sirkussýningin Shjówmenn ferðast um Vesturland haustið 2026 í samstarfi við menningarstjórnendur landshlutans. Tveir trúðar skoða heim sjómennskunnar í gegnum sirkuslistir á borð við djögg, jafnvægislistir og loftfimleika. Samhliða sýningunum verða haldnar opnar sirkussmiðjur. Verkefnið eykur aðgengi að sirkuslistum og styður við áframhaldandi sirkusstarf á Vesturlandi.



UPPBYGGING FERÐAMANNASTAÐAR Á DAGVERÐARNESI

1.200.000

HOLLVINAFÉLAG DAGVERÐARNESKIRKJU
DAGVERÐARNES

Dagverðarnes er sögufrægur og náttúrufagur staður innst í Hvammsfirði með ríkar minjar frá landnámi og fyrri búsetu. Verkefnið miðar að því að efla aðgengi og miðlun á sögu, menningararfi og náttúru svæðisins, með sjálfbærni að leiðarljósi. Sérstök áhersla er lögð á samspil landslags, minja og mannlegra ummerkja í sátt við umhverfið.



BAÐSTOFULÍF: NÝ GRUNNSÝNING

1.500.000

SAFNAHÚS BORGARFJARÐAR
BORGARNES

Ný grunnsýning í Safnahúsi Borgarfjarðar sem fjallar um daglegt líf og samfélag á stór-Borgarfjarðarsvæðinu við upphaf 20. aldar og fram eftir öldinni. Sýningin dregur fram fjölbreytileika mannlífs, ólíkar samfélagsgerðir og tengsl fólks við náttúru og stað. Lögð er áhersla á fræðslugildi, staðarvitund og upplifun sem býður gestum að koma aftur og uppgötva nýjar hliðar sögunnar.



MENNINGARVIÐBURÐIR Í LANDNÁMSSETRI

1.500.000

LANDNÁMSSEETUR ÍSLANDS ehf

BORGARNES

Í tilefni 20 ára afmælis Landnámssetursins árið 2026 verður boðið upp á fjölbreytta viðburðadagskrá allt árið. Á meðal verkefna eru sýningar, leiksýningar, tónleikar og ljóðadagskrár, auk sérstakrar afmælishátíðar í maí. Verkefnið styrkir hlutverk Landnámssetursins sem lifandi menningarseturs og eflir aðgengi almennings að þjóðararfi, sviðslistum og tónlist.



REYKHOLTSHÁTÍÐ 2026

1.500.000

SIGURÐUR BJARKI GUNNARSSON

ÞÓRUNN ÓSK MARINÓSDÓTTIR

REYKHOLT

Reykholts hátíð er ein elsta tónlistarhátíð landsins og verður haldin í 30. sinn sumarið 2026. Hátíðin fer fram síðustu helgina í júlí í Reykholti í Borgarfirði og býður upp á ferna tónleika í Reykholtskirkju auk hátíðarmessu. Á hátíðinni koma fram innlendir og erlendir tónlistarmenn og kórar, og verkefnið styrkir stöðu Reykholts sem mikilvægs menningar- og tónlistarstaðar.



ÞRÓUN SNORRASTOFU Í KJÖLFAR AFMÆLISÁRS

1.500.000

SNORRASTOFA Í REYKHOLTI
REYKHOLT

Verkefnið felur í sér áframhaldandi þróun starfsemi Snorrastofu með nýjum áherslum á sýningar og viðburði, samhliða því að standa vörð um rannsóknir og alþjóðlegt samstarf. Á meðal verkefna eru gerð líkans af bæ Snorra, framleiðsla miðaldabúninga og heimildarmyndar, auk eflingar grasrótastarfs. Markmiðið er að styrkja Snorrastofu sem lifandi menningar- og fræðasetur.



SÁTAN 2026

2.500.000

GLAPRÆÐI ehf
STYKKISHÓLMUR

Sátan er þriggja daga tónlistarhátíð með áherslu á íslenskt þungarokk, sem fer fram í Stykkishólmi dagana 4.-6. júní 2026. Samhliða tónleikahaldi verður haldin tónlistarráðstefna með þátttöku erlendra og innlendra fagaðila. Verkefnið styrkir tengslanet tónlistarfólks, eykur faglega umræðu og skapar vettvang fyrir jaðartónlist í öruggu og aðgengilegu umhverfi.





SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS